

AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum vegna köfunar og yfirborðsköfunar í Þjóðgarðinum á Þingvöllum nr. 165/2013.

1. gr.

Við 1. málsl. 2. gr. fyrirmællanna bætist: og eingöngu heimil þeim sem eru syndir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr. fyrirmællanna:

- a. 4. mgr. 4. gr. um almenn fyrirmæli orðist svo: Gestir með hverjum leiðsögumanni skulu ekki vera fleiri en þrjú hverju sinni við köfun í Silfru.
- b. 5. mgr. 4. gr. orðist svo: Í yfirborðsköfun skal vera einn leiðsögumaður með hverjum sex gestum í yfirborðsköfun. Ferðaþjónustufyrirtæki bera ábyrgð á því að tryggja að gestir sem fara í yfirborðsköfun séu syndir og hafi líkamlega og andlega burði til að stunda yfirborðsköfun í Silfru.

3. gr.

9. mgr. 5. gr. fyrirmællanna orðist svo: Ferðaþjónustufyrirtæki bera ábyrgð á því að tryggja að gestir sem fara í köfun séu syndir og hafi líkamlega og andlega burði til að stunda köfun í Silfru. Kafarar, sem kafa í þurrbúningi, skulu framvísa þurrbúningaskírteini eða framvísa skriflegri staðfestingu á 10 þurrbúningaköfunum á síðustu tveimur árum. Staðfestingin skal vera vottuð af alþjóðlega viðurkenndum köfunarkennurum/köfunarsamtökum. Óheimilt er að kafa í Silfru (scuba diving) í blautbúningi.

4. gr.

Gildistaka.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt 4. gr. reglugerðar um köfun nr. 535/2001 og taka gildi við birtingu.

Samgöngustofu, 13. mars 2017.

Halla S. Sigurðardóttir,
staðgengill forstjóra.

Kristín Helga Markúsdóttir.